



# Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2020

---

Mai 2021

## Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3	Útgáfa	10
Hlutverk Jafnréttisstofu	4	Veggspjald	10
Fjárhagur	5	Vefsíða	10
Starfsfólk	5	Samstarfsverkefni	11
Eftirlit	6	Heimilisofbeldi	11
Jafnlaunavottun	6	Karlar í hjúkrun	11
Jafnréttisáætlanir	6	Kynjajafnrétti á norðurslóðum	11
Pátttaka kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum	7	Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal	11
Nefndaskipan stjórnarráðsins	7	Women making waves	11
Ráðgjöf og aðstoð	8	Annað samstarf	12
Erindi frá einstaklingum	8	Jafnréttisfulltrúar Stjórnarráðsins	12
Umsagnir um þingmál	8	Jafnréttisráð	12
Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir	8	Samstarfshópar	12
Beiðni um upplýsingar/viðtöl	8	Aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi	12
Erindi og greinar	8	Embættismannanefnd Norrænu	
Móttaka gesta	8	ráðherranefndarinnar	12
Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga	8	Endurskoðun jafnréttislaga	12
Aðrir fundir	9	Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins	12
Námskeið	9	Jafnréttissjóður	12
Rannsóknir	9	Mannréttindaskrifstofa Íslands	13
Atvinnupátttaka og tekjumunur eftir búsetu	9	NING – Norrænt upplýsinganet um kyn	13
Könnun v. laga um jafna meðferð	9	Ráðgefandi nefnd um mótun stefnu í forvörnum	
		og fræðslu	13
		Starfshópur um kyngreind tölfræðigögn	13
		Stýrihópur sérfræðinga um framkvæmd vottunar-	
		og faggildingarmála	13
		Umfang áreitni og eineltis	13
		Velferðarvaktin	13

## Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2020 var stórafmælisár hjá Jafnréttisstofu en þann 15. september voru liðin 20 ár frá því Jafnréttisstofa tók til starfa. Svo skemmtilega vill til að undirrituð var ein af fyrstu starfsmönnum stofnunarinnar og hefur, í nálægð og fjarlægð, haft tækifæri til að fylgjast með henni vaxa og dafna.

Hátíðarhöld vegna afmælisins fóru því miður fyrir lítið á því óvenjulega ári sem 2020 er búið að vera sökum heimsfaraldurs Covid-19. Að mestu leyti tókst þó að halda starfseminni í eðlilegu horfi að teknu tilliti til gildandi sóttvarnareglna hverju sinni. Flest samskipti fluttust hins vegar yfir í rafrænt form hvort sem um var að ræða fundi innan sem utan stofnunarinnar, fræðslu eða ráðgjöf.

Í upphafi ársins hafði stofnunin lokið við yfirferð og endurskoðun á öllum innri stefnuþlögnum en sú vinna hófst á árinu 2019. Á árinu 2020 gafst áfram tækifæri til að líta til innra starfs, skipulagningar á uppbyggingu rafrænnar fræðslu og vinnu við mótun verkferla vegna nýrra verkefna sem fyrirsjáanleg voru með nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sem gildi tóku í upphafi árs 2021. Þá var einnig unnið að undirbúningi á opnun þjónustugáttar sem tengir vefsíðu stofnunarinnar og skjalakerfi og auðveldar fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum skil á gögnum og upplýsingum sem Jafnréttisstofa kallar eftir.


Áhersla var lögð á það á árinu að koma á framfæri á vef stofnunarinnar áhugaverðu efni sem orðið hefur til í hinum ýmsu samstarfsverkefnum í gegnum árin. Þarna má m.a. nefna myndbönd um kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja, vitundarvakningu vegna heimilisofbeldis og sjónvarpsþáttaröð um staðalmyndir kynjanna.

Fyrsta Græna skrefið af fimm náðist á árinu en verkefnið Græn skref er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsfólks.

Síðast en ekki síst þá hlaut Jafnréttisstofa þann heiður á árinu að fá nafnbótina Stofnun ársins í flokki stofnana með færri en 20 starfsmenn. Könnunin Stofnun ársins er gerð af Sameyki stéttarfélagi í almannabjónustu í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið.



Katrín Björg Ríkarðsdóttir,  
framkvæmdastjóri



## Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Hlutverk Jafnréttisstofu eru skilgreind í 4. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Verkefni stofnunarinnar eru m.a. að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf,
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti,
- koma með tillögur að sértækum aðgerðum,
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofa berast og varða ákvæði laga þessara,
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn forsætisráðherra.

Í desember 2020 voru samþykkt á Alþingi ný lög um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020 og jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

## Fjárhagur

Fjárheimildir Jafnréttisstofu á árinu voru sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	118.925.849
Sértekjur	13.224.195
Flutt frá fyrra ári (verkefnastyrkur)	1.069.025
Laun og launatengdur kostnaður	98.091.009
Húsnæði	11.948.381
Annar kostnaður	14.430.875
Niðurstaða ársins	7.679.779

Hin jákvæða niðurstaða ársins útskýrist af því að fjármagn var komið inn fyrir útgjöldum sem áætluð voru á árinu 2021.

## Starfsfólk

Níu manns, 6 konur og 3 karlar, störfuðu hjá Jafnréttisstofu á árinu.

Meðaltal stöðugilda var 7,5.

Nafn	Starfsheiti	Ráðningarár
Arnfríður Aðalsteinsdóttir	sérfræðingur	2008
Bergljót Prastardóttir	sérfræðingur/sviðsstjóri	2008-2020
Hjalti Ómar Ágústsson	sérfræðingur	2018-2019, 2020
Hugrún R. Hjaltadóttir	sérfræðingur	2005-2020
Jón Fannar Kolbeinsson	lögfræðingur/sviðsstjóri	2018
Katrín Björg Ríkarðsdóttir	framkvæmdastjóri	2000-2003, 2017
Kristín Ólafsdóttir	sérfræðingur	2018
Tryggvi Hallgrímsson	sérfræðingur	2009
Úlfhildur Jóna Þórarinsdóttir	rekstrarstjóri	2017

## Eftirlit

### Jafnlaunavottun

Þann 1. janúar 2018 tók gildi breyting á lögum nr. 10/2008 sem fól í sér skyldu fyrirtækja og stofnana þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli til að öðlast vottun á jafnlaunakerfum sem uppfylla kröfur staðalsins ÍST 85. Hlutverk Jafnréttisstofu felst í því að veita þeim fyrirtækjum og stofnunum sem hlotið hafa vottun heimild til að nota jafnlaunamerki og einnig að halda skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem öðlast hafa vottun. Í árslok 2020 voru 274 fyrirtæki og stofnanir á skrá Jafnréttisstofu. Alls var 166 fyrirtækjum og stofnunum veitt heimild til að nota jafnlaunamerkið á árinu. Þar af voru 24 fyrirtæki og stofnanir sem fengu endurnýjun á heimild.

Með reglugerðarbreytingu í nóvember 2018 var Jafnréttisstofu falið að veita bráðabirgðastarfsleyfi til vottunarstofa. Á árinu 2020 störfuðu 3 vottunarstofur skv. leyfi frá Jafnréttisstofu.

### Jafnréttisáætlanir

Eftirlit Jafnréttisstofu felst m.a. í að kalla eftir jafnréttisáætlunum frá fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri. Á þriggja ára fresti er kallað eftir áætlunum frá fyrirtækjum og stofnunum en á fjögurra ára fresti frá sveitarfélögum. Auk eftirlitsins sinnir stofnunin líka fræðslu og ráðgjöf sem margir nýta sér við gerð og endurskoðun jafnréttisáætlana.

Í desember 2019 hófst innköllun á jafnréttisáætlunum tónlistarskóla. Innköllunin náði til 66 skóla. Ári síðar höfðu 58 skólar (88%) skilað umbeðnum gögnum og málum 8 skóla (12%) var lokað.

Innköllun hófst hjá framhaldsskólum í desember 2019 og náði til 37 skóla, í lok árs 2020 höfðu 34 skólar (92%) skilað umbeðnum gögnum, málum þriggja skóla (8%) var lokað.

Sveitarfélögum ber að setja sér jafnréttisáætlun við upphaf hvers kjörtímabils. Innköllun hófst í mars 2019 og náði til 72 sveitarfélaga. 62 sveitarfélög (86%) höfðu skilað umbeðnum gögnum í árslok 2020, tvö (3%) voru þá enn í ferli og innköllun var hætt hjá átta sveitarfélögum (11%) þar sem íbúar voru færri en 150.

Jafnréttisstofa kallaði eftir jafnréttisáætlunum frá fyrirtækjum með 150 til 249 starfsmenn í september 2019. Innköllunin náði til 75 fyrirtækja. 73 fyrirtæki (97%) skiluðu umbeðnum gögnum en 2 fyrirtæki (3%) eru enn í ferli.

Innköllun hófst í mars 2020 hjá fyrirtækjum með 90-149 starfsmenn og náði hún til 93 fyrirtækja. 84 (90%) skiluðu umbeðnum gögnum en 9 (10%) voru enn í ferli í árslok 2020. Innköllun hófst hjá opinberum stofnunum í janúar 2020 og náði til 68 stofnana. 65 (96%) höfðu skilað umbeðnum gögnum í árslok en 3 stofnanir (4%) voru enn í ferli.

Undirbúningur hófst á árinu vegna innköllunar jafnréttisáætlana frá fyrirtækjum með 25-89 starfsmenn og er búið að stofna hátt í 800 mál.

Töluvert er um að fyrirtæki og stofnanir í vottunarferli sendi Jafnréttisstofu jafnréttisáætlanir sínar til yfirlestrar og ráðgjafar. Auk þess hefur Jafnréttisstofa kallað eftir jafnréttisáætlunum frá fyrirtækjum og stofnunum sem hafa öðlast vottun án þess að vera með fullgildar áætlanir.

### **Pátttaka kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum**

Skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 skal við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

#### ***Nefndaskipan stjórnarráðsins***

Jafnréttisstofa kannar árlega stöðuna á nefndaskipan stjórnarráðsins og birtir í sérstakri skýrslu sem aðgengileg er á [vefsíðu stofnunarinnar](#).

Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum á undanförunum árum hefur verið nokkuð jafnt og innan þeirra marka sem löggjöfin setur. Þegar litið er til meðaltals á skiptingu nefndarsæta í öllum ráðuneytum eftir kyni kemur í ljós að á árinu 2018 var hlutur kvenna 48% og hlutur karla 52%. Meðaltalið er þó ólíkt milli ráðuneyta.

## Ráðgjöf og aðstoð

### Erindi frá einstaklingum

Alls bárust 23 beiðnir um ráðgjöf frá einstaklingum sem töldu brotið á sér skv. þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með.

### Umsagnir um þingmál

Alls voru sendar til Alþingis 12 umsagnir um þingmál. [Sjá nánar hér.](#)

## Upplýsingaöflun, fræðsla, forvarnir

### Beiðni um upplýsingar/viðtöl

Starfsfólk Jafnréttisstofu tók við á þriðja tug beiðna frá innlendum og erlendum aðilum um upplýsingar um málefni á starfssviði stofnunarinnar.

### Erindi og greinar

Óvenjulítið var um að starfsfólk Jafnréttisstofu héldi ávörp og erindi á fundum, málþingum, ráðstefnum og námskeiðum á árinu 2020 sökum samkomutakmarkana.

### Móttaka gesta

Engar gestakomur voru til stofnunarinnar á árinu.

### Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga

Árlegur landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga var rafrænn þetta árið. Fundurinn var haldinn í samstarfi Jafnréttisstofu, Akureyrarbæjar og Sambands íslenskra sveitarfélaga með aðstoð frá Símenntun Háskólans á Akureyri sem sá um tæknilega hlið fundarins. Á fundinum var fjallað um væntanlegar breytingar á jafnréttislöggjöf og áhrif á sveitarfélögin, mannréttindastefna Akureyrarbæjar var kynnt auk þess sem kynntar voru afurðir úr norrænu samstarfsverkefni sem Akureyrarbær er þátttakandi í. Einnig voru kynnt drög að gátlista Jafnréttisstofu um skipulagningu viðburða. Tveir af aðal fyrirlestrum fundarins voru svo um kynjaðar áskoranir innflytjenda. Í lok fundar voru umræður í vefstofum um raddir ungmenna, jafnlaunavottun, fjölmenningu og áskoranir smærri sveitarfélaga. Alls voru 66 þátttakendur skráðir til fundar, 52 konur og 14 karlar.



## Aðrir fundir

Jafnréttisstofa var samstarfsaðili í opnum fundi sem haldinn var í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars.

Baráttan heldur áfram! Kjarajafnrétti og ný jafnréttislög. Hádegisverðarfundur í samstarfi við ASÍ, BHM, BSRB, Kvenréttindafélag Íslands, Kennarasamband Íslands og Jafnréttisráð.

## Námskeið

Vegna aðstæðna í Þjóðfélaginu þetta árið var nær eingöngu boðið upp á námskeið á netinu. Þátttakendum var þá send slóð á fræðsluefnið, sem var í formi lesefnis og myndbanda, og höfðu nokkra daga til að kynna sér efnið. Í framhaldinu var boðið upp á veffund þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að ræða efnið við sérfræðinga Jafnréttisstofu og varpa fram spurningum. Þetta fyrirkomulag hefur reynt mjög vel og er væntanlega komið til að vera.

## Rannsóknir

### **Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu**

Eitt af verkefnum Byggingaáætlunar sem nær til árána 2018-2024 felst í því að skoða möguleika kvenna til atvinnuþátttöku á landsbyggðinni. Jafnréttisstofa er framkvæmdaaðili verkefnisins og hófst undirbúningur þess á árinu. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á árinu 2021.

### **Könnun v. laga um jafna meðferð**

Í ágúst sendi Jafnréttisstofa út könnun til hagsmunaaðila vegna laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Tilgangurinn var að fylgja eftir fundi sem haldinn var með sömu aðilum stuttu eftir gildistöku laganna.

Í könnuninni var fyrst og fremst verið að leita eftir því hvort þekking væri meðal hagsmunaaðila á lögnum og hvernig þau hefðu nýst.

## Útgáfa

### Veggspjald

Jafnréttisstofa útbjó veggspjald sem dreift var rafrænt til fyrirtækja og stofnana um land allt. [Veggspjaldið](#) var teiknað af Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og bar yfirskriftina *Það er bannað að mismuna*.

Tilgangur veggspjaldsins var að vekja athygli á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018.

### Vefsíða

Fréttir og greinar á vefsíðu Jafnréttisstofu [www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is) voru á árinu 36.



## Samstarfsverkefni

### Heimilisofbeldi

Í fyrstu bylgju heimsfaraldursins Covid-19 var ljóst að veruleg hættu væri á auknu heimilisofbeldi. Stjórnvöld veittu því auknu fé í aðgerðir til að takast á við vandann. Jafnréttisstofa fékk t.a.m. fjármagn til þess að setja í skipulagða birtingu vitundarvakningarmyndbönd sem framleidd höfðu verið undir merkjunum *Pú átt von* og voru hluti af Evrópuverkefninu *Byggjum brýr, brjótum múra* sem stofnunin stýrði á árunum 2017-2019. Myndböndin eru einnig aðgengileg á vef Neyðarlínunnar 112.is

### Karlar í hjúkrun

Jafnréttisstofa hefur verið í samstarf við norsku samtökin Reform um rannsókn á viðhorfum og vinnuumhverfi í hjúkrunarnámi á háskólastigi. Rannsóknarverkefnið hefur að markmiði að rannsaka aðferðir kennslu til að setja fram tillögur um leiðir til að auka hlut karla í hjúkrunarfræði og námi á sviðum heilbrigðisvísinda. Meðal þess sem rannsóknin skoðar er námsefni í hjúkrunarfræðinámi með sérstöku tilliti til myndefnis og staðalmynda. Aðrir samstarfsaðilar eru Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Hróarskeldu í Danmörku. Verkefninu lauk á árinu 2020.

### Kynjajafnrétti á norðurslóðum

Priðji áfangi fjölþjóðlegs verkefnis um kynjajafnrétti á norðurslóðum hófst á árinu 2019 og er Jafnréttisstofa fulltrúi Íslands ásamt Norðurslóðanetinu, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og utanríkisráðuneytinu. Verkefnið er unnið með tilstyrk frá Norðurskautsráðinu og Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur verkefnisins er að auka sýnileika og skilning á mikilvægi kynjasjónarmiða á norðurslóðum.

### Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal

Jafnréttisstofa er þátttakandi í verkefni ráðuneytis vinnumarkaðsmála í Portúgal, sem hefur að markmiði að hanna samráðsvettvang um þróun jafnlaunakerfis á portúgólskum vinnumarkaði. Samstarfið felur í sér þátttöku um hönnun rannsóknar og kortlagningu þekkingar um jafnlaunamál í Portúgal ásamt samanburði við Ísland. Jafnréttisstofa ber ábyrgð á miðlun þekkingar um jafnlaunastaðalinn ÍST 85 og ráðgjöf um reynslu Íslendinga af hönnun stjórnunarstaðals um jafnlaunakerfi. Verkefnið er styrkt af uppbyggingarsjóði EES.

### Women making waves

Jafnréttisstofa leiðir Erasmus+ verkefni sem felst í því að hanna og þróa námskeið fyrir konur sem hafa áhuga á að komast til áhrifa í atvinnulífinu. Byggðastofnun er samstarfsaðili Jafnréttisstofu ásamt aðilum í Bretlandi, Grikklandi og á Spáni. Verkefninu mun ljúka með útgáfu leiðbeininga um stefnumótun í atvinnumálum sem stuðlar að jafnri þátttöku og tækifærum kynjanna á vinnumarkaði.

## Annað samstarf

### **Jafnréttisfulltrúar Stjórnarráðsins**

Jafnréttisstofa veitir jafnréttisfulltrúum faglega ráðgjöf og heldur starfsmaður stofnunarinnar utan um samstarf fulltrúanna. Jafnréttisfulltrúar starfa á grundvelli 13. gr. jafnréttislaga og samkvæmt sérstökum starfsreglum sem kveða á um hlutverk þeirra og ábyrgð gagnvart jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

### **Jafnréttisráð**

Jafnréttisráð starfar á grundvelli 8. gr. jafnréttislaga. Jafnréttisráð skal vera Jafnréttisstofu og ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun. Jafnréttisstofa sinni á árinu sérfræði- og skrifstofuþjónustu við Jafnréttisráð skv. samningi þar um.

### **Samstarfshópar**

Aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði árið 2018 aðgerðahóp í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Jafnréttisstofa á fulltrúa í aðgerðahópnum.

### **Aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi**

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði árið 2018 aðgerðahóp í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Jafnréttisstofa á fulltrúa í aðgerðahópnum.

### **Embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar**

Á árinu tók fulltrúi Jafnréttisstofu sæti í Embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál.

### **Endurskoðun jafnréttislaga**

Jafnréttisstofa átti á árinu fulltrúa í stýrihópi og í starfshópum sem unnu að undirbúningi endurskoðunar laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og stjórnarsýslu jafnréttismála.

### **Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins**

Eftir nokkurra ára hlé tók fulltrúi Jafnréttisstofu aftur sæti í Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins.

### **Jafnréttissjóður**

Jafnréttissjóður Íslands var stofnaður með samþykki þingsályktunar 13/144 í tilefni af 100 ára kosningarréttarafmæli íslenskra kvenna. Markmið sjóðsins er að fjármagna og styrkja

verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna. Jafnréttissjóður hefur notið framlaga af fjárlögum í fimm ár, 100 milljónir króna á ári, frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2020. Forsætisráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og jafn marga til vara til ársloka 2020 samkvæmt þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands. Jafnréttisstofa á fulltrúa í stjórn sjóðsins.

### **Mannréttindaskrifstofa Íslands**

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofunni.

### **NING - Norrænt upplýsinganet um kyn**

Jafnréttisstofa á aðild að norrænu upplýsinganeti um kyn (NING) sem m.a. heldur úti viðburðadagatalinu GenderKarlanderN sem aðgengilegt er á vefsíðu Jafnréttisstofu.

### **Ráðgefandi nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu**

Í samræmi við ákvörðun ráðherranefndar um jafnréttismál skipaði forsætisráðherra í ársbyrjun 2019 ráðgefandi nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi. Jafnréttisstofa átti fulltrúa í nefndinni. Nefndin lauk störfum á árinu og skilað af sér tillögu að áætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna sem samþykkt var á Alþingi.

### **Starfshópur um kyngreind tölfræðigögn**

Jafnréttisstofa á fulltrúa í hópnum sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra og forsætisráðherra á árinu 2020. Markmið með vinnu hópsins er að bæta yfirsýn yfir kyngreind tölfræðigögn og stuðla að því að söfnun og notkun á kyngreindum tölfræðigögnum hjá opinberum aðilum verði gerð með sambærilegum hætti. Þá er hópnum falið að vinna handbók eða annars konar leiðbeinandi efni um kyngreind tölfræðigögn.

### **Stýrihópur sérfræðinga um framkvæmd vottunar- og faggildingarmála**

Fulltrúi Jafnréttisstofu situr í hópnum sem hefur það hlutverk að fjalla um þau álitamál sem upp hafa komið í innleiðingu á jafnlaunastaðli ÍST 85 og tryggja framgang jafnlaunavottunar í samræmi við lög.

### **Umfang áreitni og eineltis**

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði árið 2018 nefnd í því skyni að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði sem og aðgerðir vinnuveitenda í tengslum við slík mál á vinnustöðum. Nefndin hefur í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands birt niðurstöður rannsókna og vinnur nú að gerð aðgerðaáætlunar. Jafnréttisstofa á fulltrúa í nefndinni.

### **Velferðarvaktin**

Jafnréttisstofa á fulltrúa í velferðarvaktinni sem er samstarfsvettvangur félagasamtaka og stjórnvalda um almenna velferð á Íslandi.



Jafnréttisstofa • Borgum v/ Norðurlóð • 600 Akureyri  
460 6200 • jafnretti@jafnretti.is • www.jafnretti.is